



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS  
*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/1942*  
*komudagur 5.5.2010*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. maí 2010.

**Efni: Frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysisbætur og lögum um húsaleigubætur - 554. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysisbætur og lögum um húsaleigubætur.

Að efni til er frumvarpið þrjúþætt:

Í fyrsta lagi er kveðið á um að bráðabirgðaákvæði laga um atvinnuleysistryggingar um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli og vegna sjálfstætt starfandi einstaklinga verði framlengd til loka árs 2010.

Í annan stað er lögð til breyting á skilyrðum um þátttöku á íslenskum vinnumarkaði vegna greiðslu atvinnuleysisbóta í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA, sem telur núgildandi ákvæði laganna gera ríkari kröfur í þessum efnum en Evrópurétturinn heimilar.


Í þriðja lagi er lagt til að atvinnulausir verði ekki fyrir skerðingu á atvinnuleysisbótum vegna elli- og örorkulífeyrisgreiðslna úr séreignalífeyrissjóðum til samræmis við breytingar sem gerðar voru á lögum nr. 100/2007. Til að gæta jafnræðissjónarmiða er jafnframt lagt til að þessi breyting verði afturvirk til 1. mars 2009. Þá er lagt til að framangreindar greiðslur verði ekki taldar til tekna skv. 9. gr. laga um húsaleigubætur.

Alþýðusamband Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við meginefni frumvarpsins og leggur til að það verði samþykkt sem fyrst með eftirfarandi breytingum.

Lagt er til að bráðabirgðaákvæðið um endurgreiðslur úr atvinnuleysistryggingasjóði verði ekki bundnar því að viðkomandi atvinnuleitandi óski eftir slíkum endurgreiðslum. Fyrir liggur að Greiðslustofa vegna atvinnuleysisbóta hefur allar forsendur sem þarf til að framkvæma endurgreiðslurnar og því er bráðabirgðaákvæðið eins og það er samkvæmt frumvarpinu eingöngu til þess falli að draga úr líkum á því að þeir einstaklingar sem hafa mestra hagsmuna að gæta fari á mis við þá réttarbót sem frumvarpinu er ætlað að tryggja.

Þá telur Alþýðusambandi mikilvægt að fram komi að breytingarnar sem frumvarpið feiur í sér eru aðeins lágmarksbreytingar og að fyrir liggur að tímabært er fram fari víðtæk endurskoðað lögin um atvinnuleysistryggingar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur á síðustu misserum í kjölfar efnahagshrunsins og mikils og varanlegs atvinnuleysis. Þannig hefur komið í ljós að lögin um atvinnuleysistryggingar og lögin um vinnumarkaðsaðgerðir tryggja launafólki almennt ekki þau réttindi og þjónustu sem eðlilegt er að gera kröfur um. Þá eru ýmsir sértækir þættir sem krefjast frekari skoðunar. ASÍ treystir því að nauðsynleg endurskoðun laganna með þeim markmiðum sem greinir hér að framan.

Virðingarfyllt,



Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ